

hálfshringur Cascade-fjallanna og bráðnar aldrei snjór af fjöllum þeim. En vestan við höfnina er tangi einn mikill og lokar rif eitt fyrir hann að norðan svo að örmjótt sund verður eftir. Væri höfn sú grafin upp sem tíðum er gjört hér á ströndinni, yrði hún einhver bezta höfn og kastali óvinnandi ef að herskip og vígi væri. Sagt er að ríkasta skipafélagið hér á ströndinni ætli að fara að búa um sig hér. Hefir það keypt land mikið með fram höfninni. Það er Alaska Trading Co.

Þó að Blaine sýni að hér hafi „boom“ verið og síðan komið afturkippur, þí er þó farið að votta fyrir að bærinn sé að byrja að rétta við aftur, því að víða sjást nýbygð og nýmáluð hús, nýplöntuð tré og nýruddar lóðir og garðar.

Landar hafa flestir eða allir komið hér fátækir og margir heilsulausir, en nærrí hver einasti maður með familíu hefir keypt sér bæjarlóð og bygt á henni, eða þá bletti úti á landinu í kringum bæinn, bygt á honum og farið að ryðja og planta eplatré og önnur ávaxtatré, eru þegar komnir mjög laglegir blettir hjá mörgum þeirra. En hér munar mikið um hvert ferhyrnings-„rod“-ið, því að alt vex hér. Sumir hafa 5 og 6 ekrur, aðrir 10, 20, nokkrir 40 og þar yfir. En hér má segja að 15 ekrur séu jafngóðar og hverjar 160 ekrur austurfrá og séu þær vel notaðar þá margfalt betri. En ekran er hér dýrust í kringum Blaine, þetta frá 40—80 dollara af óruddu landi, en svo segja menn að það kosti um 100 dollara að ryðja og hreinsa ekruna, og er lítt vinnandi að eiga við hina tröllslegu furu og sedrusviðar stofna öðruvísi en með sprengingum. Skógurinn hefir verið hér hroða-legur. Eg hefi mælt stofna sem hafa verið 6 faðmar um-máls og niðri liggjandi tré frá 30—45 faðma á lengd. Þegar þau liggja á jörðunni nær búturinn manni í mitti og upp á axlir. Virðast þau jafn óviðráðanleg hvort þau eru laus eða föst í jörðu. En iðni, vitið og verkfærin og sögin og dynamit-ið vinnur það. Rudd er ekran oftast virt um 200 dalí. Það sem ekran gefur af sér er ákaflega mismunandi eftir því til hvers hún er notuð. Af heyi gefur hún af sér fast að 3 tonnum (clover er hér tíðast sáð) og er tonnið sjálfsagt 10 dollara virði, séu